



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Háskólinn á Akureyri
Hug- og félagsvísindasvið
Kennardeild
2019

Mikilvægi tónlistar í leikskólastarfi

Í leikskóla er gaman

Tónlistarkennsla í leikskóla

Dröfn Traustadóttir

Leiðbeinandi: Jónína Erna Arnardóttir

12 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs í kennarafræðum

Útdráttur

Eftirfarandi B.Ed. ritgerð fjallar um tónlist í leikskólastarfi og mikilvægi hennar skoðað út frá þroskaþáttum og kostum tónlistarstarfs. Fyrri hluti ritgerðar er fræðilegur kafli um leikskólastarf og tónlist og áhrif hennar á nám og þroska leikskólabarna. Seinni hluti er hugmyndabanki fyrir tónlistarstundir og tónlistarleiki sem byggir á tónlistarefni sem höfundur hefur viðað að sér í gegnum árin í tónlistarstundum með börnum og leitast höfundur við að hafa hann fjölbreyttan og aðgengilegan. Markmið með þessari ritgerð er að sýna fram á mikilvægi tónlistar í leikskólum og að hún sé hvatning fyrir starfsfólk leikskóla til að nota tónlist meira í leikskólastarfi við leik og nám barna. Rannsóknarspurningin í ritgerðinni er: Af hverju er tónlist mikilvæg í leikskólastarfi? Aðalnámskrá leikskóla er skoðuð þar sem áhersla er lögð á sköpun í leikskólastarfi sem er einn af grunnþáttum menntunar og skoðað hvaða vægi tónlist hefur innan hans. Horft er til fræðimannanna Howard Gardner og John Dewey, tónlistarfræðingsins Jon Roar Björkvold og Shinichi Suzuki tónlistarkennismíðs og sýnar þeirra á tónlist, nám og þroska. Niðurstöður ritgerðarspurningar er að það er mikilvægt að vinna með tónlist í leikskólastarfi því fyrstu árin eru mikilvæg í þroska og börnin mjög móttækileg fyrir námi og því er mikilvægt að hafa námið sem fjölbreyttast. Einnig hefur tónlistin þau áhrif í heila að efnabreytingar verða og einstaklingurinn verður opnari fyrir öðru námi.

Abstract

The following B.Ed. essay addresses the use of music in kindergartens and its importance in regards to developmental factors and the benefits of music work. The first part of the essay is a theoretical chapter on kindergarten and music and its effect on kindergarten children's learning and development. The second part is a collection of inspirational ideas for music lesson and music games built on music related material which I have collected throughout the years during my music time with the children and which I try to keep as diverse and accessible as possible. The goal with this essay is to demonstrate the importance of using music in kindergartens in hope that it will encourage kindergarten teachers and other staff to use music more as a part of the kindergarten, both in the children's play and education. The essay's research question is: Why is music an important factor in kindergarten? Kindergarten's main curriculum is viewed with emphasis on creative kindergarten, which is one of the basic elements in education, and the focus put on how big of a role music plays. Theorists Howard Gardner and John Dewey, musicologist Jon Roar Björkvold and music theorist Shinichi Suzuki are studied in regards their vision on music, education and development. The results of the essay's research question are that it is important to use music as a part of the developmental work in kindergartens because the first years in a child's life are developmentally very important and the children are very receptive to learning, which makes it necessary to keep the education as diverse as possible. Also Music has chemical effects on the brain in such way that it makes individuals more open to other education.

Þakkarorð

Fyrst og fremst vil ég þakka dóttur minni henni Kolfinnu fyrir ómælda þolinmæði vegna sambandsleysi móður sinnar vegna ritgerðarvinnu. Svönu vinkonu minni þarf ég að þakka mikið og vel fyrir alla þá hjálp og stuðning og pepp á erfiðum tímum. Margrėti Halldóru þakka ég fyrir yfirlestur og ábendingar, Herdísí systur minni fyrir alla hjálpina og að lokum þakka ég leiðbeinanda mínum henni Jónínu Ernu Arnardóttur tónlistarkennara og skólastjóra Tónlistarskólans á Akranesi fyrir að hafa viljað taka mig að sér í leiðsögn og hennar ábendingar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Aðalnámskrá leikskóla	3
2.1 Grunnþættir menntunar.....	5
2.2 Grunnþátturinn sköpun	5
3. Tónlistarstefnur og kenningar	6
3.1 Suzuki tónlistaruppeldi	6
3.1.1 Móðurmálsaðferðin.....	7
3.2 Jon Roar Björkvold.....	8
3.3 John Dewey	9
3.4 Howard Gardner og fjölgreindarkenningin	10
3.4.1 Tónlistargreind	11
4. Tónlist sem náms og þroskaleið	12
4.1 Hreyfiþroski.....	13
4.2 Málþroski og heyrnaskyn	14
4.3 Félags og tilfinningaþroski	15
4.4 Vitsmunþroski.....	16
5. Hugmyndabanki	17
5.1 Tónlistarstundir og hljóðfæri	19
5.2 Tónlistarstundir og leikir	22
5.3 Tónlistarstundir og sköpun	24
5.4 Tónlistarstundir og hreyfing	25
5.5 Tónlistarstundir og útivera.....	28
6. Umræður og lokaorð	31
7. Heimildaskrá	34

1. Inngangur

Tónlist gegnir mikilvægu hlutverki hjá okkur mannfólkinu og hefur fylgt okkur frá örófi alda. Tónlist er menningarleg og mjög misjöfn eftir menningu hveurrar þjóðar eða samfélags. Í grein Helgu Rutar Guðmundsdóttur um tónlistarþroska barna og tónlistaruppeldið kemur fram að alveg síðan forngrísku heimspekingarnir voru uppi hefur tónlist, uppruni hennar og tilgangur verið fólki hugleikin. Ekki er hægt að fullyrða neitt um tilgang eða áhrif tónlistar á manneskjuna en þó er hægt að sjá sammerkingu hjá heimsspekingum og vísindamönnum sem eru mikið búnir að rannsaka áhrif tónlistar á ungbörn. Hafa viðamiklar rannsóknir sýnt fram á að hæfni ungbarna á tónskynjun er sambærileg við skynjun fullorðinna og virðast þau geta greint takt, tóna og á milli ólíkra laglína (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2010, bls. 1-2).

Verkefnið er tvískipt, annars vegar fræðileg ritgerð þar sem ég skoða mikilvægi og kosti tónlistarstarfsins og hins vegar er hugmyndabanki með hvers kyns tónlistarstundum, verkefnum, leikjum, söngvum og fleira sem hægt er að nýta í tónlistarstundir án mikils undirbúnings.

Ástæða fyrir vali mínu á umfjöllunarefni ritgerðarinnar um tónlist í leikskólum er vegna reynslu minnar og áhuga á tónlistarstarfi með börnum. Áhugi minn kviknaði við að kynnast starfi tónmenntakennara í leikskóla og vildi ég dýpka þekkingu mína í leiðinni á mikilvægi tónlistar og hvaða áhrif hún hefði á börn.

Ég tel að það myndi styrkja starf leikskólans ef fleiri starfsmenn myndu nota tónlist meira í daglegu starfi þar sem ég tel tónlistina vera áhrifaríka á margan hátt í vinnu með börnum, fyrir utan gleðina sem hún veitir nánast undantekningalaust. Hugmyndabankann langar mig að hafa fjölbreyttan og aðgengilegan fyrir starfsfólk leikskólans svo þau geti gripið í hann og valið sér verkefni án mikils undirbúnings og þori þannig að prófa sig áfram með efniviðinn sem til er í skólanum ásamt leikjunum sem eru einfaldir í sniðum.

Áhersla í tónlistarnámi ætti að snúast um að þroska tónlistarlegan skilning og tónlistarleg samskipti sem myndi leiða til þess að allir gætu tjáð sig með tónlist. Þjálfun í samskiptum í gegnum tónlist ætti að geta gert börnin okkar að hæfari einstaklingum miðað við ef tónlistarleg samskipti mótuðu frummenninn og leiddu okkur að þeim manneskjum sem við erum í dag (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2010, bls. 6).

Rannsóknarspurningin sem ég spyr í þessari ritgerð er : Af hverju er tónlist mikilvæg í leikskólastarfi? Mun ég reyna að svara því með rökstuðningi og sýna fram á af hverju tónlist í leikskólum getur skilað víðtækum árangri og ýtt undir ýmsa menntunar- og þroskaþætti barna.

2. Aðalnámskrá leikskóla

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 stendur í 1. kafla, 1. og 2. grein, að leikskóli sé fyrsta skólastigið sem annast uppeldi, umönnun og menntun barna að ósk foreldra og samkvæmt lögum.

Hag og velferð barna skal hafa að leiðarljósi í öllu leikskólastarfi ásamt hvetjandi og skapandi uppeldis og námsumhverfi þar sem starfshættir leikskóla mótast meðal annars af lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, kærleika, jafnrétti, virðingu og umburðarlyndi (lög um leikskóla nr. 90/2008).

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að námskráin er notuð sem rammi um verk og regluskrá á grundvelli laga um hlutverk leikskóla sem byggist meðal annars á að samræma uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri. Aðalnámskráin fjallar einnig um fyrirmæli fræðslufirvalda og sameiginleg markmið leikskóla um grunnþætti menntunar og að tryggja jafnan rétt allra til menntunar og uppeldis í leikskólum landsins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Í skólanámskrá leikskólans Uglukletts þar sem ég starfa eru grunnþættir menntunar fléttaðir saman við námssviðin og sett upp í töflu sem er skýr og vel skiljanleg. Þar kemur sköpun fram sem grunnþáttur menntunar og í námssviðinu sköpun og menning eru hugmyndir að því hvernig hægt er að vinna að ákveðnum þáttum, þannig má segja að allt starfið fléttist saman. Ef tónlist er skoðuð sérstaklega í námssviðinu sköpun og menning og grunnþátturinn menntun, kemur fram sem dæmi „að hægt er að skapa í gegnum söng, tónlist og leiklist“ einnig kemur fram í sköpunarþættinum undir námssviðinu heilbrigði og vellíðan að tónlist og söngur er þáttur í því námssviði, svo koma dæmi um hvernig hægt er að ná markmiðunum. Í skólanámskrá Uglukletts er grein um hvernig tónlistarstarfi er háttað í leikskólanum (Ugluklettur, 2014, bls. 17). Í framhaldi af þessu má nefna að orðið tónlist kemur tíu sinnum fyrir í skólanámskrá Uglukletts en aðeins fjórum sinnum í aðalnámskrá leikskóla.

Í Aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru sameiginlegir þættir þar sem fjallað er um almenna menntun, markmið skólakerfisins og stefnumiðum menntakerfisins, um grunnþætti menntunar og mat á skólastarfi. Fagmennska kennara og skólaþróun á öllum skólastigum er áhersluatriði. Skólanámskrár og stefna aðalnámskrár er útfærð í samræmi við

stefnu hvers skóla, sérkenni og faglega áherslu í hverju tilviki (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 10).

Aðalhlutverk leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er að stuðla að almennri menntun nemenda og starfa í samræmi við þarfir nemendanna þannig að skólastarfið stuðli að virkri þátttöku og lýðræði innan skóla og utan ásamt því að starfshættir skólanna með góð og lýðræðisleg samskipti að leiðarljósi á milli nemenda og starfsfólks skólanna þar sem mótast vinnugleði, umburðarlyndi, jafnrétti og ábyrgð. Í öllu skólastarfi gegna kennarar lykilhlutverki og því mikilvægt að fagmennska kennara byggist á starfsmenntun, siðferði, þekkingu og viðhorfum. Fagmennska kennara byggist á góðum samskiptum þar sem velferð og menntun nemenda er í fyrirrúmi og því mikilvægt að örva starfsgleði og frjóa hugsun þannig að sem bestur skólabragur ríki og hvetjandi námsumhverfi sé í skólastofunni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 10-11).

Almenn menntun er skilgreind í dag út frá þörfum samfélagsins og einstaklingsins og því hægt að segja að hún sé bundin við stund og stað og stuðlar á hverjum tíma að aukinni hæfni einstaklingsins til að efla skilning á hæfileikum sínum og eiginleikum. Í heildstæðu skólastarfi er almenn menntun byggð á fjölbreyttu námi og grunnþættir menntunar er tilraun til að tengja við meginsvið menningar okkar á umhverfi og samfélagi og þekkingu og leikni einstaklingsins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 13).

Í leiðarljósi leikskóla í aðalnámskránni kemur fram að leikskólinn eigi í samvinnu við foreldra að efla alhliða þroska barna með því að veita hvetjandi uppeldisumhverfi. Einnig kemur fyrir í einum punkti „Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gengum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákn“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 34).

Í kaflanum um námsviðið sköpun og menning kemur fram hversu mikilvæg sköpun er í námi og þroska barna. Áherslan í skapandi starfi á að vera á ferlinu sjálfu frekar en útkomunni þar sem gleðin við vinnuferlið sjálft á að vera í fyrirrúmi þar sem námið verður hvað mest við það. Allt umhverfi leikskólans á að styðja við sköpunarkraft barna með örvandi efni við og meðal annars á að vera rými til að „skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 45).

2.1 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru sex talsins og eru hafðir að leiðarljósi við námskrárgerð um leikskóla og byggja á löggjöf um skóla þar sem unnið er að samfélagslegum markmiðum jafnt og einstaklings markmiðum.

Grunnþættirnir eru - læsi, - sjálfbærni, - heilbrigði og velferð, - lýðræði og mannréttindi, -jafnrétti, -sköpun. Grunnþáttunum er ætlað að stuðla að meiri samfellu í skólastarfi ásamt því að undirstrika meginatriði í almennri menntun og er fléttað inní allt skólastarf eins og aðalnámskrá skólanna segja til um.

Grunnþættir menntunar tengjast innbyrðis og eru háðir hver öðrum í skólastarfinu og eiga að skapa betri heildarsýn og samfellu um starfið en þeir hafa jafnframt sín sérkenni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 14-15).

Hugsunin er að grunnþættina megi nota til að skapa betri heildarsýn á skólastarfið, eins og að með læsi byggist lýðræðið upp með táknum og samskiptakerfum samfélagsins. Svo lýðræðið þrífist þarf að stuðla að jafnrétti í samfélaginu og mannréttindi verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð einstaklinga gegn mismunun og ofbeldi eins og til dæmis einelti. Sjálfbærnin snýst um velferð og samspil umhverfis, efnahags og samfélags. Sjálfbærni krefst virðingar og umhyggju fyrir umhverfinu og lýðræðislegum vinnubrögðum og ábyrgð fyrir komandi kynslóðum sem stuðla að mannréttindum og að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Sköpun er mikilvægur þáttur í lífi einstaklingsins og stuðlar að gagnrýnni hugsun, lýðræðislegu gildismati, vísindalegu viðhorfi og ígrundun og eru þetta rætur grunnþáttanna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 15-16).

2.2 Grunnþátturinn sköpun

Segja má að menntun sé sjálfssköpun einstaklingsins, með því að skapa nýja þekkingu og með því að tengja við fyrri þekkingu og eykur hann þannig við reynslu og nám. Sköpun byggir á forvitni, leit og áskorun og byggist á aðferðum sem opna nýja möguleika og gagnrýnni hugsun þar sem sköpunarferlið skiptir ekki síður máli en útkoma verkefnisins. Sköpun sem grunnþáttur verður að stuðla að persónulegu námi, frumkvæði og ígrundun í skólastarfinu. Sköpunarþrá kviknar í meðfæddri forvitni og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga og leikurinn opnar víddir þar sem sköpunargleði nemenda getur notið sín og er því mikilvæg námsaðferð. Í grunnþáttunum læsi og sköpun er gagnrýnin

hugsun lykilþáttur ásamt lýðræði sem fléttast saman við þessi hlutverk. Námsgreinar þar sem listsköpun og vísindi eru notuð einkennast oft af frumleika, frumkvæði og sköpunargleði og mætti gjarnan sjá þau vinnubrögð í öllu skólastarfi og námi. Það má sjá sköpunarkraftinn og innsæi nemenda eflast við þessi vinnubrögð, því er sköpun mikilvægur grunnur í að móta sér framtíðarsýn og skapa sér hlutverk í lýðræðissamfélagi (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 22).

3. Tónlistarstefnur og kenningar

Almennt virðast fræðimenn innan tónlistarsálfræðinnar sammála um að ungbarn fæðist með ákveðna tónlistarhæfni til að læra, skynja og greina tónlist og læra að þekkja ákveðin mynstur sem einkenna tónlistina úr þeirra menningarheimi. Meðfædd tónlistarhneigð virðist vera til staðar hjá flestum og hefur áhrif á tilfinningar einstaklingsins, því er tónlist talin vera öflugur miðill frumtilfinninga sem birtist í viðbrögðum ungbarna við ólíkri tónlist og hljóðáreitum (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013, bls. 3).

Taktvísi ungbarna er hægt að mæla í viðbrögðum heilans við púlsinum í hefðbundinni tónlist með reglulegum takti. Niðurstaða rannsókna á sex mánaða gömlum börnum á taktvísi bentu til að þau skynja áherslur í takti í gegnum líkamleg skilaboð án þess að breyta heyrnrænum skilaboðum. Vegna rannsóknarvinnu höfum við öðlast þekkingu á hvernig börnin skynja tónlist. Það er ekki auðvelt að sjá hvað börnin skynja þar sem þau geta ekki látið auðveldlega í ljós hvað þau skilja og skynja en ótvírætt þykir að ungbörn hafi áhuga á tónlist og að hægt er að örva þau og róa með tónlistinni. Börn undir tveggja ára aldri reyna að fylgja takti í tónlist sem þau heyra en takmarkaður hreyfiþroski kemur í veg fyrir að við fullorðna fólkið sjáum það vel og að börnin hafi stjórn á hreyfingum sínum í til dæmis dansi (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013, bls. 7-8).

3.1 Suzuki tónlistaruppeldi

Shinichi Suzuki fæddur árið 1898 var japanskur frumkvöðull í tónlistarkennslu og fann upp kennsluaðferð á hljóðfæri sem kallast suzukiaðferðin og er þekkt um allan heim í dag og viðurkennd kennsluaðferð á hljóðfæri með góðum árangri. Það sem einkennir aðferðafræði

suzuki er að hún er kennd án nótna til að byrja með, nemendur byrja mjög ungir að læra á hljóðfærið og foreldrar eru með í námsferlinu (Kristinn Örn Kristinsson, 1998, bls. 11-12). Suzuki dró þá ályktun að börn gætu lært flókna hluti eins og þau gera með móðurmál sitt og mótast af umhverfi sínu, því fannst honum að þroskamöguleikar barna nánast allir vegir færir væru þeir ræktaðir og börnin hvött áfram. Suzuki vildi byrja snemma að þjálfra börn markvisst í ákveðinni námsgrein og hann leitaði leiða við að þróa og móta betur grunnámsefni í fiðluleik sem tók hann 10 ár. Suzuki kennsluaðferðin hefur orðið til þess að þúsundir barna um allan heim hafa lært sama grunnámsefnið og geta leikið saman hvaðan sem þau eru því tónlistin er þeirra sameiginlega tungumál. Suzukiaðferðin var upphaflega þróuð fyrir fiðlukennslu en hefur verið þróuð að fleiri hljóðfærum ásamt söngróddinni og leikskólakennslu (Kristinn Örn Kristinsson, 1998, bls. 13-16).

3.1.1 Móðurmálsaðferðin

Hugmyndin að móðurmálsaðferðinni kviknaði þegar Suzuki var beðinn um að kenna mjög ungum dreng á fiðlu. Suzuki velti fyrir sér hvort svona ungt barn gæti lært á fiðlu og fékk þá hugljómun um hvernig ung börn læra móðurmálið sitt sama hversu erfitt það er á meðan fullorðnir eiga mun erfiðara með að læra nýtt tungumál. Suzuki fann það út að börn væru sérlega móttækileg til að læra, og fyrir umhverfinu sem þau alast upp í (Kristinn Örn Kristinsson, 1998, bls. 30).

Öll börn læra móðurmál sitt á náttúrulegan hátt sama úr hvaða umhverfi og menningu þau koma. Hugmyndafræði Suzuki byggir á því að ef umhverfið er nógu hvetjandi hljóta börnin að geta þroskað aðra þætti á sama hátt. Suzuki horfði mikið í umhverfisáhrifin við könnun á kenningu sinni og tekur sem dæmi barn sem elst upp meðal úlfa fer að ýlfra en ekki að tala. Hann sá hversu mikilvægt jákvætt umhverfi hafði hvetjandi áhrif á barnið (Kristinn Örn Kristinsson, 1998, bls. 47-48).

Fyrstu þrjú árin eru tengingar að myndast hraðast í heila barna. Þegar barn er sex mánaða hefur heilinn myndað sem samsvarar 50% af tengingum miðað við fullorðinn mann og þriggja ára hefur heilinn myndað um 80%. Síendurtekin áreiti hjá börnunum er það sem örvar tengingarnar í heilanum og því er talmál og tónlist stór umhverfisþáttur hjá börnum. (Kristinn Örn Kristinsson, 1998, bls. 50-51).

Suzuki segir að öll heilbrigð börn geti lært á hljóðfæri eins og móðurmál sitt þó það sé einstaklingsbundið hversu hratt þau læra. Suzuki kennsluáferðin eða móðurmálsaðferðin er byggð upp á ást og umhyggju, hrósi og hvatningu, endurtekningu, byggja ofan á fyrri reynslu, einstaklingmiðaður námshraði. Þessar hugmyndir eru svo útfærðar við tónlistarkennslu. Dagleg hlustun á námsefnið, fylgjast með öðrum börnum leika á hljóðfærið og einnig fylgjast með foreldrum sem eru með í náminu. Læra eitt atriði í einu, endurtekningar, herminám, tónmyndun, nótnalestur, upprifjun, heimaæfingar. Á þessum atriðum byggist Suzukiaðferðin í tónlistarkennslu (Kristinn Örn Kristinsson, 1998, bls. 53-55).

3.2 Jon Roar Björkvold

Í meistararitgerð Ólafar Maríu Ingólfssdóttur (2010) sem byggð er á rannsókn hennar þar sem hún kannar stöðu tónlistar í leikskólum á Íslandi styðst hún mikið við Jon Roar Björkvold sem er norskur tónlistarfræðingur og prófessor við Oslóarháskóla. Björkvold hefur gefið út mikið efni um tónlistartengd málefni og doktorsrannsókn hans fjallaði um sjálfsprottinn söng barna. Björkvold hefur talað mikið fyrir því að lögleiða tónlist inn í almenna menntun sem faggrein.

Björkvold talar um að einstaklingur blómstri best og lifir í jafnvægi ef passað er alla tíð upp á hina músísku hlið sem er hin listræna, tónnæma og skapandi hlið mannsins, þannig verði til hin heilbrigða, vistvæna og heilsteypta manneskja. Barnið skynjar og upplifir jafnvægi milli manns og náttúru frá fæðingu en ef jafnvægið er ekki til staðar myndast krísa eins og verður þegar barn byrjar í skóla, þar sem umhverfið er ómúsískt eða ólistrænt og stýrandi. Vistvæni veruleiki barnsins hverfur þar sem ímyndunarafl, raunveruleiki og óraunveruleiki spilaði stórt hlutverk og við tekur nytja og skynsemishyggjan og hætt við að skapandi eiginleikar verði undir í kröfunni, þar sem útkoman skiptir meira máli en ferlið og upplifunin (Ólöf María Ingólfssdóttir, 2017, bls. 18).

Björkvold segir eðli manneskjunnar vera skapandi og listrænt, við fæðumst þannig og barnið leikur og lifir í sjálfsprottnum ferlum fyrstu árin. Lykillinn að heilsteyptri manneskju sem nær jafnvægi í lífinu næst með því að listgreinar fái mun meira vægi í skólakerfinu en er í dag og sé gert hátt undir höfði. Óhætt er að segja að Björkvold standi vörð um hina skapandi og sjálfsprottnu manneskju á móti hinnar einsleitu, fyrirsjáanlegu og þröngsýnu manneskju sem hann telur að núverandi skólakerfi skapi (Ólöf María Ingvarsdóttir, 2017, bls. 18).

Eins og áður segir hefur Björkvold skoðað sjálfsprottinn söng barna í doktorsritgerð sinni og segir hann að börnum sé eiginlegt að syngja sjálfsprottna söngva sem styrkir hugmyndina um hversu tónlistarnæmið er mikilvægur grunnur út frá félagsþroska.

Samtal móður og barns er ein mikilvægasta tengingin hjá þeim og ein tjáningarleiðin.

Samtalið sem fer fram við tónlistariðkun eins og að syngja með öðru fólki má líkja saman við samtal móður og barns þar sem fólk á í þjálfuðum samskiptum í gegnum tónlistina þó þau eigi ekki í beinum samræðum (Ólög María Ingólfsdóttir, 2017, bls. 19).

3.3 John Dewey

John Dewey fæddist árið 1859 í Burlington, höfuðborg Vermont í Bandaríkjunum. Dewey útskrifaðist með doktorspróf í heimspeki árið 1884 og að því loknu hóf hann að kenna heimspeki í Michigan þar sem hann hitti verðandi eiginkonu sína Alice Chipman sem stundaði nám í heimspeki. Þau unnu mikið saman í tilraunaskólum og eignuðust sjö börn. Árið 1894 lá leiðin til Chicago þar sem Dewey varð forstöðumaður heimspekideildar háskólans. Í Chicago barðist Dewey fyrir því hjá skólayfirvöldum að stofnaður yrði barnaskóli sem yrði jafnframt tilraunaskóli sem var gert. John Dewey var mikill athafnamaður og frumkvöðull á sviði menntunar bæði í skólahaldi og heimspeki og urðu miklar breytingar á því sviði í hans tíð. Dewey var samtímamaður fræðimanna eins og Rudolf Steiner í Þýskalandi, Maríu Montessori á Ítalíu og Ellenar Key í Svíþjóð en þau eru öll þekkt af andófi gegn hefðbundnu skólahaldi og vildu breyta því. Hugmyndir þessara fræðimanna eiga sterkan samhljóm þó að hver og einn hafi sína sérstöðu (Ólafur Páll Jónsson, 2010, bls. 14-16).

John Dewey og hans hugmyndafræði „að læra af reynslunni“ er oftast nefnt þegar leikskólar kynna hugmyndafræði sína í skólanámskrám og hvað þeir standa fyrir. John Dewey talar um að reynsla sé virkt og óvirkt ferli sem samtvinnast. Virki þátturinn felur í sér að reyna eitthvað, einskonar tilraun og óvirki þátturinn felst í afleiðingum af einhverju sem maður hefur gert eða reynt. Það öðlast enginn reynslu í tómarúmi heldur verður reynslan að vera í samhengi við umhverfi hjá þeim sem verður fyrir reynslunni og við ákveðnar aðstæður. Dewey sagði það grundvallaratriði að hafa samfellu á milli þeirrar lífsreynslu sem börnin hafa öðlast þegar þau koma í skólann og þeirrar reynslu sem þau öðlast í skólanum og því umhverfi, þetta er frumreglan. Kennarinn þarf að útbúa umhverfið þannig að börnin fái tækifæri til að öðlast nýja reynslu út frá þeirri reynslu sem þau koma með (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 57-61).

3.4 Howard Gardner og fjölgreindarkenningin

Howard Gardner prófessor við Harvard háskóla, kom fram með kenningu um grunngreindirnar sjö, um það bil áttatíu árum eftir að fyrstu greindarprófin höfðu verið þróuð eða um 1980 og dró hann í efa að þessi greindarpróf væru rétt skilgreind. Áttunda greindin bættist síðan við og níunda ennþá seinna. Gardner var ekki sammála því hvernig greindarprófin voru framkvæmd og kenning hans um greind snerist um það hvernig einstaklingurinn leysti úr vandamálum og þrautum og hvernig hann myndi hanna afurðir út frá samspili og samhengi við umhverfið (Armstrong, T., 2000, bls. 13-14).

Gardner skipti greind í átta frumflokka eða frumgreindir sem varð til þess að auðveldara varð að kortleggja mannlega möguleika og kom í ljós hversu breitt svið það gat spannað.

Greindirnar átta eru í stuttu máli:

- **Málgreind** sem er til dæmis munnlegur og skriflegur hæfileiki til að hafa áhrif með orðum.
- **Rök og stærðfræðigreind** þar sem hæfileiki með tölur og rök hugsun eru notaðar á árangursríkan hátt ásamt öðru.
- **Rýmisgreind** er meðal annars hæfileiki að skynja sjónrænt og rúmfræðilegt umhverfi.
- **Líkams og hreyfigreind** þar sem til dæmis færnin felst í að nota líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar.
- **Tónlistargreind** er meðal annars hæfileiki að skynja, tjá, skapa og meta margvíslega tónlist.
- **Samskiptagreind** þar sem hæfileikinn felst til dæmis í að skilja skap, tilfinningar og fyrirætlanir annarra.
- **Sjálfsþekkingargreind** þar sem hæfileikinn í að lifa og starfa á grunni sjálfsþekkingar meðal annars.
- **Umhverfisgreind** er hæfileiki í að þekkja og flokka tegundir úr dýra og jurtaríkinu í sínu umhverfi ásamt öðru (Armstrong, T., 2000, bls. 14-15).

Gardner talar um greind frekar en hæfileika eða gáfu svo fólk taki frekar eftir umræðunni þar sem umræða um greind er eftirtektarverðari. Til að styðja við kenningu sína varð hver og ein greind að standast grunnpróf sem var byggt á átta þáttum til geta kallast sjálfstæð greind.

Þegar einstaklingur leggur stund á iðju sem er metin í viðkomandi menningu og framför einstaklingsins fylgi ákveðnu þroskaferli þá telur Gardner greindirnar verði virkar. Hægt er að

sjá greindirnar að störfum þegar einstaklingur sekkur sér í efni eða fræði viðkomandi greindar. Gardner komst að því að greindirnar átta eigi rætur í þróunarsögu mannsins og ákveðnar greindir hafi verið mikilvægari en aðrar fyrr á árum og eins muni ákveðnar/aðrar greindir verða mikilvægari í framtíðinni miðað við áherslur samfélagsins eins og að umhverfisgreindin muni verða sterkari vegna áhrifa loftlagsbreytinga og rýmisgreind hefur aukist vegna tölvuleikja og fleira (Armstrong, T., 2000, bls. 16-18).

Mikilvægt atriði í fjölgreindarkenningunni er að allar greindir búa í hverjum einstaklingi og þær starfa saman og eru ekki persónugerðarkenning til að ákveða hvaða greind passar hverjum. Gardner telur að flestir einstaklingar búi yfir öllum greindum og geti þróað þær á hátt getustig fái þeir tilheyrandi örvun og leiðsögn sem passar. Greindirnar starfa allar saman líkt og þegar einstaklingur er í fótbolta geta líkams- og hreyfigreind verið að störfum ásamt samskiptagreind, málgreind og rýmisgreind. Áhersla er lögð á í fjölgreindarkenningunni að fólk sýni sína hæfileika á fjölbreyttan hátt (Armstrong, T., 2000, bls. 20-21).

3.4.1 Tónlistargreind

Tónlistargreind er samkvæmt kenningum Gardners talin vera hæfileiki til að skynja, meta, tjá og skapa tónlist af margvíslegum toga. Einstaklingur með góða tónlistargreind er talinn hafa næmni fyrir til dæmis takti, hljómbla, tónhæð og laglínu tónverks eða lags og búa yfir innsæi gagnvart tónlist hvort sem það er að spila hana eða greina á einhvern hátt. Gardner setti greindirnar upp í töflur sem yfirlit um kenningarnar en hér er það sett fram í samfelldu máli. Að greina takt, tónhæð og tónblæ er hæfni sem er í kjarnaþáttum um tónlistargreind í yfirliti um fjölgreindarkenningar Gardners, þar kemur líka fram að nótur og mors merki er táknkerfi tónlistarinnar. Hægra gagnaugablað er frumsvæði tónlistargreindarinnar sem er fyrst til að þroskast af greindarsviðunum. Minjar um þróunarlegan uppruna eru hljóðfæraminjar frá steinöld. Fuglar eru sú tegund sem búa líka yfir tónlistargreind. Sögulegir þættir voru mikilvægari áður en prentlistin kom út þegar tónlistin var eitt tjáningarformið. Eins og áður hefur komið fram telur Gardner að menn geti þróað nánast allar greindir með sér ef leiðsögn og hvatning við hæfi er til staðar og tekur Suzuki aðferðina sem dæmi í tónlistaruppeldi, þar sem einstaklingar með litla tónlistargáfu geta öðlast færni í að spila á hljóðfæri vegna örvandi umhverfisáhrifa (Armstrong, T., 2000, bls. 14- 21).

4. Tónlist sem náms og þroskaleið

Sigríður Pálmadóttir fjallar um í bók sinni Tónlist í leikskóla hvað tónlist getur verið eða hvað flokkast sem tónlist. Í tónvísindum er hægt að komast að hvað tónlist er. Þar hafa fræðimenn fjallað um lögmál hljóðsins á stærðfræðilegan hátt og eðlisfræðilegan ásamt lífeðlislegum þáttum eins og heyrn, rödd og hljóðmyndun þeirra og hljóðfæranna. Áhrif tóna og hljóma og samspil tónlistarinnar í heild hefur verið rannsökuð af fræðimönnum út frá sálfræðilegum þáttum eins og upplifun og skynjun og hvaða hlutverk tónlist hefur í samfélaginu. Tónvísindin eru sköpun og hugarstarf í víðtæku formi. Tónlist mótast og endurspeglast af samfélagi og menningu hvers tíma og getur verið mjög ólík eftir tímatali. Einnig er mjög misjafnt hvernig áhrif tónlist hefur á einstakling tilfinningalega. Ljóst er hvernig tónlist virkar á skynfæri okkar og berst í taugaboðum upp til heila sem vinnur úr boðunum. Fræðimenn skoða nú þætti umhverfisins og áhrif þess á tónlistarhæfileika okkar en þrátt fyrir að eðlislæg tónlistarhneigð geti verið misjöfn hefur/hafa félagsleg tækifæri og menntun mikil áhrif á hvernig þessi eiginleiki nær að þroskast. Það er umhverfið og tónmenningin sem hefur hvað mest áhrif á börnin og virkni þeirra í tónlistinni í leik og starfi sem eflir þau hvað mest (Sigríður Pálmadóttir, 2010, bls. 9-10).

Foreldrar og skóli eru einna mestu áhrifavaldar hvað tónlistaráhuga varðar því einstaklingur sem sýnir greinilega tónlistarhæfileika eða áhuga sem ungbarn getur tapað þeirri hæfni niður ef enginn ýtir undir hana jafnt og það er hægt að styrkja hæfnina ef foreldrar og skóli eru athugulir og virkir til að næra barnið á frekara tónlistarefni og eflir þroskaferlið enn frekar. Þannig hefur umhverfið, hæfileikar og fólkið í kringum barnið samverkandi áhrif og eru jafnmikilvægir í þroskaferlinu (Sigríður Pálmadóttir, 2010, bls. 11-12).

Ekki er til ein uppskrift eða aðferð að besta tónlistaruppeldinu en miðað við rannsóknir er líklega best að útbúa umhverfið sem mest tónlistarlega örvandi, skapandi og barnvænt svo tækifæri gefist fyrir börnin að uppgötva hljóðumhverfið í frjálsum leik. Hætta er á að tækifæri til tónlistarþroska glatist án örvandi tónlistarumhverfis þar sem ungbörn eru móttækilegri fyrir ýmsum þáttum tónlistarinnar en þeir sem eldri eru. Tónlist er verkfæri sem hægt er að nota til hjálpar vegna skapsveiflu barna og tilfinninga þeirra. Með góðu tónlistaruppeldi/umhverfi eflist tilfinningaleg og félagsleg tengsl á milli þeirra sem taka þátt ásamt tónlistarþroskanum sem eykst/eflist (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013, bls. 11).

Hallam birtir á vefsíðu ISME, International Journal of Music Education, grein sem er samantekt byggð á niðurstöðum rannsókna sem nota nýjustu tækni til að rannsaka heilann, auk meginlegra, eiginlegra og fræðilegra rannsókna. Tilgangur ritgerðarinnar er að útskýra hvað er vitað í dag um áhrif virkrar þátttöku í tónlist á vitsmuna, félags og sálrænan þroska hjá börnum og ungmennum. Miklar framfarir hafa orðið í rannsóknum á heila og því hefur þekking okkar aukist á því hvernig tónlist getur haft áhrif á þroska í gegnum virka þátttöku. Tónlistarhæfni getur getur orðið til þess að önnur virkni verði afkastameiri/virkari. Mjög virk þátttaka í tónlist bendir til þess að ákveðnar efnabreytingar verða í heila með þeim afleiðingum að heilinn vinnur öðruvísi úr upplýsingum og ef það gerist snemma geta orðið varanlegar breytingar (Hallam, 2016, bls. 269-270).

4.1 Hreyfiþroski

Líkamsþreyfing felur í sér orku og tónlist laðar fram hreyfingu hjá okkur oft á tíðum. Ungabarnið sem getur ekki tjáð sig með orðum og hlustar á og upplifir tónlistina í umhverfi sínu getur tjáð sig með hreyfingum útfrá tónlistinni þrátt fyrir að tónlistin sé róandi. Nánast öll tónlist inniheldur taktslög og þegar fólk dansar eða dillar sér eftir tónlistinni kemur í ljós tilfinningin fyrir taktslögnum. Það reynir á skynjun, jafnvægi, líkamsstöðu og á virkni sjón og heyrnarkerfisins þegar fólk dansar eða hreyfir sig í takt við tónlist. Geta og hæfileiki til að ganga eða rugga í takt við tónlist heyrir undir samhæfingu og líkamsþroska. Fram hefur komið í rannsóknum á því hvernig börn tengja hreyfingu og tónlist saman, að sjálfsprottinn söngur og hreyfing var auðveldastur fyrir börnin en einnig áttu börnin léttast með að hafa hraðan púls og hreyfingu þar sem mun erfiðara var að samhæfa hreyfingu við hæga tónlist eða tónlist sem var fjær gönguhraða barnsins. Einnig hefur komið fram rannsókn sem var gerð á sköpunarþætti þriggja til sex ára gamalla barna sem áttu að hreyfa sig eftir hljóðritaðri tónlist. Hvað varðar samhæfingu handa, augna og hreyfimynda ásamt samsettum hreyfingum komu stúlkurnar betur út í þroska. Einnig sást að eldri börnin notuðu stærri hreyfingar en yngri börnin og hreyfðu sig meira um. Mörg fjögurra ára börn geta samhæft klapp eða spilað á til dæmis hrynstafi með tónlist. Fjögurra ára barn getur búið til sitt eigið hrynstef og gengur betur að endurtaka það en annarra stef, börn á sjötta ári geta svo slegið takt ásamt því að syngja (Sigríður Pálmadóttir, 2010, bls. 20-22).

Taktfastur undirleikur hefur sýnt fram á bættan árangur í hreyfifærni. Jákvæðar niðurstöður sáust við könnun á frammistöðu og þreki þegar tónlist var spiluð í hreyfitíma. Þegar börn tóku

Þátt í dagskrá sem innihélt taktverkefni batnaði árangur þeirra í því að kasta, grípa og hoppa. Einnig sást betri árangur í hreyfifærni leikskólabarna þegar tónlist og líkamlegt námsefni var notað með þeim en þegar námsefnið var notað án tónlistar. Hreyfingar og tónlistarforrit var notað í rannsókn í tíu vikur með börnum á aldrinum fjögurra til sex ára og urðu gæði hreyfinganna betri. Börnin bættu sig í stökkum, hástökkum og langstökkum ásamt annarri hreyfingu. Tónlistar- og hreyfiforritið var einnig prófað í frjálsum leik og borið saman við fyrrnefnda verkefnið en ekki var hægt að fullyrða hvort verkefnið var afkastameira. Vísbendingar sýna einnig að bættar fínhreyfingar verði við að spila á hljóðfæri (Hallam, 2016, bls. 280).

4.2 Málproski og heyrnaskyn

Þegar ungabörn byrja að leika sér með röddina má heyra margvísleg hljóð sem líkjast hvísli, hrópi eða kurri, þau geta verið stutt, langdregin og með tónbilum. Samhæfing hljóðs og hreyfinga þegar barnið grípur í hluti og gefur frá sér hljóð um leið er þroskaferli talfæra og taugakerfis. Þarna er hljóðsköpun þar sem túlkunarþættir tónlistar eru notaðir á ýmsan/margvíslegan hátt. Á fyrstu mánuðum barna er hljóðtjáning forstígt tals en getur einnig verið forstígt söngs þar sem þetta tvennt er samofið hvort öðru. Tilfinningasamband barns og þess sem annast það styrkist við ákveðna tónsköpun sem verður við hljóðasamskipti þeirra á milli til dæmis þegar líkt er eftir hljóðum, þegar vögguvísur og einfaldir hreyfisöngvar eru sungnir þá fylgir þessu oft líkamleg snerting og augnsamband. (Sigríður Pálmadóttir, 2010, bls. 22-23).

Fram kemur hjá Hallam (2016, bls. 271) að rannsóknir hafa sýnt fram á að tónlist sé áhrifarík fyrir börn til hlustunar þar sem nám á sér stað án þess að við séum meðvituð um það. Við vinnum tónlist og talmál hratt þar sem það inniheldur mikið af upplýsingum en það fer eftir fyrri reynslu hvað tónlist, tónkerfi, málfræði og menningu varðar hversu auðveld sú úrvinnsla er. Þessi reynsla verður óbeint úr umhverfi okkar og verður sjálfkrafa þegar við hlustum á tónlist eða talmál. Tónlistarupplifun getur því haft áhrif á málið með aukinni vinnslu sem getur haft áhrif á skynjun tungumáls sem hefur áhrif á lestur. Unnið var með leikskólabörn í tilraunarannsókn, fjögurra til sex ára börn fengu 25 mínútna tónlistarþjálfun á viku í sjö vikur og sýndu þau aukna vitsmunavinnslu miðað við samanburðarhópinn. Komust rannsakendur að því að þau börn sem bjuggu yfir meiri tónlistarhæfni höfðu meiri getu til að leika sér með málahljóð. Það eru vaxandi vísbendingar um að virk þátttaka í tónlist geti aukið hljóðfræðilega

færni, í ljós kom þegar rannsókn var unnin með hundrað leikskólabörnum að tónlistarhæfileikar tengdust marktækt bæði við hljóðfræðilega vitund og lestrarþróun. Í heildina eru vísbendingar úr rannsóknum þær, að þátttaka í tónlist spili stórt hlutverk í þroska. Því fyrr sem tónlistarþátttakan verður og því lengri, þýðir þeim mun meiri áhrif. Flutningur þessarar færni er sjálfvirkur og stuðlar að málþroska sem stuðlar síðan að læsi (Hallam, 2016, bls. 272).

4.3 Félags og tilfinningaþroski

Misjafnt er hversu mikil eða rík tónlistarhefð er innan fjölskyldna en talið er að allstaðar í heiminum syngi foreldrar fyrir börnin sín og leiki þó það sé misjafnt eftir menningarsvæðum. Í leikskólum er útgefin tónlist oft spiluð og sungin og tónlistarstundir að verða æ algengari ásamt tónlistarnámskeiðum utan leikskólanna. Þó áherslur stundanna séu misjafnar er verið að efla tónlistarhæfni barnanna, þroskaþætti þeirra og sjálfsöryggi og jafnvel tengsl milli foreldris og barns eða félagslega stöðu þeirra. Rannsókn sem gerð var á fjögurra ára börnum mældi meiri jákvæðari félagshegðun eftir tónlistarstund en eftir aðra hópvirgni án tónlistar. Fleiri rannsóknir gefa sterklega í skyn að samfélagsleg tónlistariðkun standi öðrum aðferðum framar til að skapa uppbyggilegt félagsumhverfi og stuðla að jákvæðri félagslegri hegðun og tilfinningum ásamt öðrum kostum (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013, bls. 9).

Tónlistin birtist með ýmsum hætti í félagslegu samhengi þar sem hún spilar stóran þátt í lífi manna. Tónlistin er mikilvægur þáttur á gleði og sorgarstundum, tengir oft ólíka menningarhópa saman, hún er mikið notuð í trúarathöfnum og getur haft mikil áhrif á einstaklinga, til að mynda á unglingsárum og getur skilið eftir ævilanga minningu því er óhætt að segja að tónlist er félagslega mikilvæg. Tilfinningaleg viðbrögð við tónlist er oft tengd eða útskýrð sem minningar fólks og að þær vekji viðbrögðin sem verða, en miðað við rannsókn sem gerð var á fyrirburum um hvaða áhrif tónlist hefði á þau kom í ljós að þau sýndu svipuð líkamleg viðbrögð við tónlistinni og hinir fullorðnu sem voru rannsökuð eins og öndun og hjartsláttur varð reglulegri og hjá fyrirburunum varð gráturinn minni (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2010, bls. 3).

Athyglisverð tilgáta var sett fram af Trainor og Schmiedt um taugakerfið, af hverju tónlist virkaði svo sterkt á taugakerfið þar sem hún hafði ekki sýnilegt hlutverk í lífsbaráttu fólks.

Hlutverk sem leyfir að tjá tilfinningar án þess að eiga á hættu ákveðnar afleiðingar sem tengjast þessum tilfinningum. Þannig höfum við frelsi til að hlægja og gráta með tónlistinni, fá kuldahroll, finna hjartað slá hraðar, halda niðri okkur andanum og jafnvel skynja á sama hátt og kornabarnið sem með svo miklu næmi er innstilli á tilfinningarnar í rödd móðurinnar (Sigríður Pálmadóttir, 2010, bls. 24)

4.4 Vitsmunapróski

Rannsókn sem gerð var til að kanna hlutverk tónlistar í vitsmunapróska barna var gerð á börnum í fyrsta bekk sem var skipt í tvo hópa. Tilraunahópur fékk Kodaly tónlistarkennslu í fimm daga í mánuði á sjö mánaða tímabili. Í lok rannsóknarinnar skoraði tilraunahópurinn töluvert hærra á þremur af fimm raðgreiningarverkefnum og fjórum af fimm staðbundnum verkefnum en samanburðarhópurinn sem fékk enga tónlistarþjálfun. Ekki var marktækur munur á munnlegum verkefnum en þó var tilraunahópurinn með marktækt meiri lestrarafköst. Á tíunda áratugnum vaknaði meiri áhugi á áhrifum virkrar þátttöku tónlistar á staðbundna rökhugsun. Í dæmigerðri rannsókn var leikskólabörnum skipað í þrjá hópa, einn í tónlist, einn í tölvu og einn án sérstakrar kennslu. Hóparnir fengu kennslu í hljómborð og hópsöng, bara hópsöng og svo tölvukennslu. Börn í hljómborðshópnum skoruðu marktækt hærra í staðbundnu viðurkenningarprófi. Síðan þá hafa nokkrar rannsóknir staðfest að virk þátttaka í tónlist hefur áhrif á sjónræna upplýsingaöflun. Í endurskoðun á fimmtán rannsóknum fannst sterkt samband og sú niðurstaða að tónlistarkennsla sem stæði í tvö ár eða skemur leiði til mikilla endurbóta í frammistöðu á tímabundnum mælingum. Aðrar rannsóknir sýna svipaðar niðurstöður (Hallam, 2016, bls. 275).

Rauscher og fleiri könnuðu áhrif mismunandi tónlistarstarfsemi hjá leikskólabörnum í áhættuhópi. Skipt var niður í fimm hópa í tvö ár, píanó, söng, takt, tölvu og engin sérhæfð kennsla. Tónlistarhóparnir skoruðu hærra eftir kennslu en samanburðarhóparnir, en rytmahópurinn var marktækt hærri en allir hóparnir varðandi verkefni sem krefjast stundlegra vitsmuna og stærðfræðikennslu. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að hrynjanda þjálfun er mikilvæg fyrir þroska og þróun aukinnar skynjunarkunnáttu í tengslum við tónhæð og laglínur sem styðja málþroska. Lykilatriðið er að hverskonar tónlistarstarfsemi leiðir til breytinga á ákveðnum þáttum í vitsmunapróska, eins og rannsóknir sýna sem byggðar eru á margs konar tónlistar starfsemi ásamt tónlistarfræðslu af ýmsu tagi (Hallam, 2016, bls. 275).

Margar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við tónlist og þroska og tónlist og vitsmuni. Tónlist virðist hjálpa til við marga þroskaþætti og rannsóknir hafa sýnt það við ákveðna þætti

eins og munnleg fyrirmæli, læsi og stærðfræði. Tónlist virðist líka hafa áhrif á greindartölu einstaklinga miðað við rannsókn sem skoðaði þann þátt. Í heildina, út frá rannsóknum, virðist tónlist hafa jákvæð áhrif á námsþættina þó það sé ekki vitað hversu mikil áhrif (Sousa og Pilecki, 2013, bls. 21-23).

5. Hugmyndabanki

Í bókinni Tónlist í leikskóla eftir Sigríði Pálmadóttur kemur fram í formálanum að börnin komi í leikskólann með tónlistarreynslu úr þeim hljóðheimi sem þau hafa kynnst frá fæðingu í daglegu umhverfi þeirra. Í leikskólanum er hægt að gera tilraunir með hverskyns hljóðgjafa hvort sem það er röddin eða annað sem gefur frá sér hljóð og eru börnin mjög forvitin um óhefðbundna hljóðgjafa. Í leikskólum er oft markviss söngiðkun við lýði og með því að bjóða frekari tónlistariðkun má þjálfa enn betur greinandi hlustun og skynjun á taktslagi ásamt samhæfingu hugar og handar þegar spilað er á hljóðfæri (Sigríður Pálmadóttir, 2010, bls. 7).

Tónlist og tónlistarkennsla í leikskólum getur verið með ýmsum hætti og mikilvægt er að hafa kennsluna sem fjölbreyttasta: Til dæmis er söngur sem er mjög algengur í leikskólum, hlustun á fjölbreytta tónlist, leikir þar sem tónlist er annað hvort stýrandi þáttur eða sem undirtónn. Spilun fjölbreyttrar tónlistar sem undirtónn við aðra iðju eins og í listasmiðju og er þá notuð sem slökun eða til að skapa rólega stemningu. Tónlistartímar þar sem skipulagt tónlistarstarf fer fram, tónlistarsögur þar sem saga og tónlist eru saman að segja sögur eins og Pétur og úlfurinn, Pétur og úlfurinn en hvað varð um úlfinn, Skrímslið litla systir mín og Veiða vind er mjög vinsælt hjá börnum. Það er gott að finna tónlist og lög sem við á miðað við árstíma í þemavinnu og skoða textann og velta honum fyrir sér og jafnvel að gera hann sjónrænan með myndum ef hann er flókinn. Það er tilvalið að skapa stundir þar sem tónlist er fléttuð saman við eins og í hreyfistundum í sal þar sem til dæmis Latibær getur verið hvetjandi en getur jafnframt orðið hávaðavaldur ef stemningin er þannig og þá er betra að slökkva. Samsöngur í sal þar sem hljóðfæri eru jafnvel notuð af börnum og hópar koma fram með ákveðið og undirbúið atriði.

Mikil virkni og þroskastarfsemi er í gangi í heila barna á leikskólaaldri. Söngur, dans og myndsköpun eins og að teikna er mikið notað í leik barna og eru það náttúrulegir ferlar leiksins. Þessir leikir hjálpa til við að virkja skynfærin og taugaboð í heila sem eru mikilvæg fyrir nám og þroska. Það þarf að hafa mikið framboð af listgreinum því þannig nær heilinn að þroska vitsmunarþroskann og sjónræna upplýsingaöflun. Söngvar og rímur, teikningar og fingramálun hjálpar til við þroskann og dans og hreyfingar hálpa í hreyfiþroskanum. Tónlist getur hjálpað til við minni eins og að læra stafróf í gegnum sönglag, litir geta hjálpað minninu með því að tengja við ákveðna hluti videigandi litar. Þessi starfsemi leiðir til tilfinningalegs heilbrigðis (Sousa og Pilcki, 2013, bls. 17).

Eins og fram hefur komið í ritgerðinni er tónlist í allri sinni mynd mikilvæg í leikskólastarfinu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn á þessum aldri eru afar móttækileg fyrir umhverfinu sínu náms og þroskalega séð og tónlist sérstaklega ýtir undir þá virkni. Frá því ég ákvað umfjöllunarefni ritgerðar minnar var ég strax ákveðin í að gera einhverskonar handbók eða hugmyndabanka fyrir starfsfólk leikskóla. Ég hugsaði um minn vinnustað þar sem fáir nota tónlist og tónlistarefnið sem til er, en nota sönginn sem er mjög mikilvægur. Ég held að vegna óöryggis eða hugmyndaleysis um hvernig hægt er að nota efniviðinn er fólk ekki að nota hljóðfærin, tónlistarsögur og tónlistarleiki. Það er með þennan efnivið eins og annan að það er hægt að prufa og þróa sig áfram í honum og um leið kvikna nýjar hugmyndir. Hér fyrir neðan koma ýmsar hugmyndir af leikjum fléttaðir við tónlist, tónlistarstundir og hljóðfærastundir ásamt nokkrum söngleikjum. Ég reyni að hafa einfalda leiki með skýrum útskýringum. Ég hef hugsað mér að útfæra hugmyndabankann á mínum vinnustað þannig að taka hvern leik eða hverja stund, eina til tvær stundir á blað/A5 og plasta tvo saman, einn sitthvorum megin og setja leiki/stundir sem eru til dæmis undir tónlistarstundir og sköpun eða tónlistarstundir og hljóðfæri saman í kippu eða létta möppu svo hægt sé að grípa í eina hugmynd í einu á þess að þurfa að leita mikið. Hugmyndabókin/mappan/kippan verður svo á sínum stað í tónlistarskápnum þar sem annað tónlistartengt efni er til staðar. Ég mun svo kynna þetta á leikskólanum þegar hugmyndabankinn er tilbúinn.

5.1 Tónlistarstundir og hljóðfæri

Góða mamma- Við þetta lag sem er með einfaldan og góðan takt er hægt að spila með trommum og stöfum, jafnvel þríhorni hjá eldri börnum. Í byrjun er að læra textann og klappa taktinn/atkvæðin með lófum. Síðan er hægt að leyfa hverju barni fyrir sig eða tvo og tvo saman að spila/slá taktinn með hljóðfærum, t.d. tveir með stafi og tveir með trommur eða hvernig sem er og jafnvel aðrir að klappa með lófum á meðan.

Texti: *Góða mamma- tata-tata, gefðu mér- tata-ta, góða mjólk að drekka- tata-ta-ta-tata, ég skal vera- ta-ta- tata, aftur þér- tata-ta, elsku barnið þekka- tata-tata-tata.*

Farðu að skammta, mamma mín.

Mér er kalt á tánnum. Askur, diskur, ausan þín,

eru' á drykkjarsánum. (texti: Sr. Magnús Einarsson á Tjörn)

Markmið: Æfa takt, slá atkvæði, einbeiting, hlustun.

Taktverkefni- Stjórnandi- Stafir, litlar trommur eða þríhorn er notað í pörum, við fjölda barna það sem er notað. Staðið er í hring með hljóðfæri í hönd og byrjum á því að slá atkvæðin í nöfnunum okkar til að átta okkur á hljóðfærunum. Dæmi: ég heiti Dröfn-ta títtí ta, ég heiti Guðrún-ta títtí tata. Eftir einn til tvo hringi gefur kennari taktdæmi og börnin hlusta og herma eftir/reyna að gera eins, má ekki vera of erfitt, gott að byrja einfalt, hlusta eftir þeirra getu, jafnvel hægt að finna lag í sama takti og syngja með ef vilji er fyrir því. Ef börnin treysta sér til, skiptast þau á að gefa taktdæmi og hinir herma eftir. Í enda tímans er hægt að spá í hljóðin í hljóðfærunum og reyna að finna út hvort þau hljómi eins og einhver hljóð sem við heyrum. t.d. úr náttúrunni, dýr, veður, umhverfishljóð o.s.frv.

Markmið: Þjálfá hlustun, einbeitingu, minni, tilfinningu fyrir takti og áslætti hljóðfæra.

Samspil-taktverkefni

- **Sá ég spóa-** Við sitjum í hring ræðum um fuglana sem hafa verið að koma í vor hvað þeir heita og þ.h. síðan velja allir sér fugl sem þeim finnst fallegastur og slá atkvæði nafnsins með stöfum. Síðan förum við yfir ljóðið í sá ég spóa og syngjum það um leið og við sláum atkvæðin. Síðan reynum við, við keðjusöng með sá ég spóa og skiptum hópnum í tvennt. Þurfa helst að vera tveir kennarar í byrjun með keðjusönginn.

Texti: Sá ég spóa suður í flóa syngur lóa úti móa bíbíbí bí vorið er komið víst á ný. (ísl. Þjóðlag/höf.ókunnur).

Markmið: Þjálfá hlustun, einbeitingu, minni, tilfinningu fyrir takti og áslætti hljóðfæra.

Hljóðfærahringir- Hringir eru á gólfi fyrir hvert barn í hópnum og hljóðfæri í hverjum hring. Hvert barn stendur við hring og farið er yfir leikreglur og heiti hljóðfæra. Taktföst tónlist er spiluð og börnin spila með tónlistinni og reyna að finna taktinn. Tónlistin er stoppuð óreglulega og þá eiga börnin að stoppa að spila. Eftir ákveðinn tíma, t.d. 1 mínútu, er tónlistin stoppuð, börnin leggja hljóðfærin frá sér í hringinn varlega á gólfið og fara í næsta hring við hliðina, þannig færast allir koll af kalli um einn hring og fá að prófa öll hljóðfærin. Hægt er að leika sér með leikreglur í þessari stund. Hægt er að láta tvö eða þrjú spila saman eða bara trommur eða stafi spila, ásláttarhljóðfæri, blásturshljóðfæri, hljóðfæri sem byrja á G eða T, leika sér og nota fjölbreyttar aðferðir. Nota fjölbreytilega tónlist, rólega, fjöruga, taktfasta, klassíska o.s.frv. **Markmið:** Þjálfun í einbeitingu, hlustun, skiptast á, tilfinning fyrir takti.

Hljóðfærastund -Trommur- taktur

Trommusláttur/gangur – Það er tromma í horni á salnum og í hinum endanum er motta til að standa á. Kennari segir börnunum að ganga í takt við trommuna. Börnin setjast á bekk, kennari gefur sýnidæmi og kallar á barn til sín en áður en hann leggur af stað þarf hann að vera búinn að ákveða hvaða dýr hann er og má nota dýrahljóðin með/þarf ekki að vera dýraleikur. Síðan fer barnið á mottuna til að byrja, kennari eða barn kallar hann til sín með trommuslætti. Þungur og hægur sláttur er gangur, léttur ásláttur með puttum er trít og hraður sláttur er hlaup og ef trommusláttur stoppar þá á þátttakandinn að stoppa. Þegar barnið er komið má það taka við og kalla til sín annan sem er búinn að ákveða hvaða dýr hann er o.s.frv. Það er hægt að einfalda eða þyngja leikinn eftir aldri barnanna, t.d. að þyngja leikinn með því að bæta dýrategundum og heimalandi og flétta þannig marga þætti saman.

Markmið: Hlustun, hreyfiskyn, einbeiting.

Spuni- Umhverfis/náttúruhljóð – Margsskonar hljóðfærum í salnum er raðað á bekk, börnin skoða þau, koma og setjast í hring og við spjöllum um náttúruna, hvað gerist í árstíðinni sem er til umfjöllunar? Er eitthvað sérstakt á þessari árstíð sem er ekki á öðrum árstíðum? Reynum að fara á hugarflug og síðan mega börnin gefa sér góðan tíma í að skoða og prófa hljóðfærin og reyna að finna út einhver hljóð sem gæti minnt á t.d. haustið á einhvern hátt. Þegar komið er að því að sýna/leika hljóðið með hljóðfæri og útskýra hvaða hljóð þetta er og má reyna að spinna sögu í kringum tenginguna.

Markmið: Efla ímyndunarafl, einbeiting, gera tilraunir með hljóð/hljóðfærin.

Hljóðfærabingó – Hvert barn fær bingóspjald þar sem eru myndir af hljóðfærum. Í afmörkuðum krók eru hljóðfæri eins og myndir á spjöldunum sýna, við skoðum fyrst og förum yfir heiti hljóðfæranna og hvernig heyrir í þeim. Börnin eru á gólfinu með sitt spjald og sjá ekki í hljóðfærin, síðan fer eitt barn í einu í krókin og spilar á eitt hljóðfæri, hin börnin hlusta og geta hvað hljóðfærið heitir og setja yfir mynd ef hún er á spjaldinu, ef einhver fær bingó byrjum við uppá nýtt þar til allir eru búnir að spila.

Markmið: Hlustun, einbeiting, læra heiti hljóðfæra.

Samspil -Stafir – Allir fá stafi til að slá á. Sitjum í hring og æfum okkur, byrjum á að finna eitthvað sem minnir okkur á vorið/veturinn/árstíð, t.d. gras, lóa, blóm og sláum atkvæðin í þeim orðum, síðan förum við í að spila og syngja--*bank bank með stöfunum, berðu fast og hafðu hátt* (þarna má slá fast á stafina og láta heyrast hátt í þeim), *trítlaðu svo eins og mús þegar hún fer inn í hús* (þarna sláum við létt á stafina og stutt högg/bank og leikum trítlið í músinni) þegar hún fer inní hús stoppum við. Þegar við höfum endurtekið þetta lag, getum við leikið okkur með stafina og þegar músin fer inní hús segjum við aftur hús og setjum stafina á höfuðið og breytumst í naut eða beljur byrjum að baula eða setjum stafina á hökuna og breytumst í nornir, hlægjum nornahlátri eða setjum stafina á nefið og verðum Gosi með langt nef.

Markmið: Æfa samspil /atkvæði, hugsa um árstíð, auka ímyndunaraflíð, æfa styrkleikabreytingar.

Allir spila – Öll börn spila á hljóðfærin sín. Kennari tekur hljóðfæri sem heyrir vel í eins og tréspil með trésleglum eða tambúrínu og spilar greinilegan púls/grunnslag. Börnin taka upp púls kennara og spila saman. Þegar kennari hættir að spila í ákveðnum takti spila allir á sínum eigin hraða þar til kennari byrjar aftur með annan púls/grunnslag (Hring eftir hring, 2009, bls. 88).

Markmið: Þjálfra hlustun, taktslög, rytma, minni, eftirtekt.

Eftirhljómur- Við ætlum að hlusta á eftirhljóminn á hljóðfærunum og spá í hver er með lengsta hljóminn, skærasta, sterkasta, styðsta og minnsta hljóm og eftirhljóm. Hljóðfærin til að nota í þetta verkefni eru tromma, þríhorn, flauta, stafir, klukkuspil, ævintýraharpa og gítar. Skráum niður hljóðin og uplifun barnanna af þeim.

Markmið: Hugtökin sterkt og veikt, stuttur, langur. Hlustun, einbeiting. Hljóðin í hljóðfærunum.

5.2 Tónlistarstundir og leikir

Kötturinn og mýsnar – Þessi leikur er í bókinni „Við spilum og leikum við litlu börnin“ þó bókin sé ætluð yngstu börnunum þá hefur allur leikskólaaldur gaman af þessum leik.

Leikurinn heitir Kötturinn og mýsnar. Í leiknum er einn köttur og hinir eru mýs. Kennarinn segir söguna og leikurinn gerist jafnóðum. Það eru píanóstef sem stjórna leiknum svo það verða allir að hlusta vel. Það vilja allir vera kötturinn svo eftir hvern leik skiptum við út og breytum líka sögunni þínu lítið í leiðinni. Þetta þykir mjög spennandi því kötturinn reynir að éta mýsnar (Sommerfeldt, 2010, bls. 4).

Markmið: Þekkja muninn á hratt og hægt, fara eftir leiðbeiningum/fyrirmælum, hlusta.

Finndu hljóð sem passa saman- Þetta er hljóðasamstæðuspil þar sem efniviður af heimilinu/skólanum er notaður. Til dæmis vatn í tveimur dollum, poppmáís, haframjöl, peningar, sykur, pasta, legókubbar ofl. Það sem ykkur dettur í hug að nota sem gefa ólík hljóð. Hægt er að nota einhver box sem eru ekki gegnsæ t.d. rúsínubox eða vítamínglós og þurfa að hafa lok. Börnin fá að sjá efniviðinn áður en leikurinn byrjar og þurfa svo að segja hvaða hljóð/efnivið þau eru með þegar þau hrista og hlusta á hvað er í boxunum. Þegar einhver hefur fengið samstæðu syngjum við lag og klöppum, textinn er svona: *finndu hljóð sem passar saman 2x, veldu tvær, hristu þær svo hljóðið heyrir niðri tær.*

Markmið: Hlustun, einbeiting, minni.

https://www.bornogtonlist.net/Hlj%C3%B3%C3%B0_sem_passa_saman/

Che che kule – Þetta er afrískt lag sem er frekar auðvelt að gera. Textinn er fyrir neðan, íslenska þýðingin segir til um hvaða hreyfingar á að gera við textann. Það er einn forsöngvari sem byrjar og hinir herma eftir. Þegar börnin eru búin að læra textann er gaman að skiptast á að vera forsöngvari. Í enda lagsins þegar hey er hey stökkva allir upp og fara að leika t.d. apa. Gamán ef það er gott pláss í kring að hreyfa okkur um. Svo er byrjað aftur og næsti tekur við.

Markmið: Æfa annað tungumál og skilja þýðinguna á bak við það, æfa hugrekki, að þora að vera forsöngvari, samhæfing. https://www.bornogtonlist.net/Che_che_kule/

Forsöngur: Che che kule

Á íslensku : Hendur banka á höfuð 2x

Allir: Che che kule

Hendur banka á axlir 2x

Einsöngur: Che che kofisa

Hendur banka á mjaðmir 2x

Allir: Che che kofisa

Hendur banka á hné2x

Einsöngur: Kofisa langa

Gríptu um ökkla2x

Allir: Kofisa langa

Gríptu um ökkla -HEY /allir stökkva upp!

Einsöngur: Kaka shi langa

Allir: Kaka shi langa

Einsöngur: Kum adende

Allir: Kum adende

Allir: Kum adende – Hey

Vindum vindum vefjum band – Þátttakendur leiðast í hring og syngja vísuna með hneigingum og beygingum eins og hún segir til um, sá sem er sungið um snýr sér við í vísulok. Leiknum lýkur þegar allir hafa snúið sér við. Textinn: *vindum, vindum vefjum band, vefjum fallett húfuband. Fyrir Siggu höfuð hneigja, fyrir Siggu hné sín beygja. Svo skal Sigga snúa sér.* (Í grænni lautu/bók, 2003).

Markmið: Samvinna (allir leiðst og labba í hring), samhæfing, ganga í hring, syngja og hneigja og beygja.

Fram fram fylking- Tvö börn mynda brú með uppréttum höndum en hin ganga í halarófu undir brúna. Lagið er sungið og halarófan gengur þar til kemur að síðustu setningu er sá sem er undir brúnni tekinn til fanga. Brúarmennirnir fara með hann afsíðis og hann þarf að velja milli tveggja hluta sem brúarmennirnir ákváðu, t.d. hvort viltu epli eða appelsínu. Svárið veltur á því aftan við hvorn brúarmanninn fanginn stillir sér. Þegar öllum hefur verið náð kemur í ljós hvort vann appelsínan eða eplið eftir fjölda ávaxta (þeirra sem eru á bak við hvorn). (Í grænni lautu, bók, 2003).

Markmið: Samvinna, samhæfing, minni.

Texti við leikinn: Fram fram fylking, forðum okkur hættu frá, því ræningjar oss vilja ráðast á. Sýnum vorn dug, djörfung og hug. Vaki, vaki vaskir menn því voða ber á höndum. Sá okkar sem síðast fer, hann sveipaður hörðum böndum.

Hvaðan kemur hljóðið? Börnin sitja þögul í hring og hlusta á hljóðin í kring um þau (helst að loka augum), síðan spyr kennari spurninga og börnin svara í sameiningu. Dæmi um spurningar hjá kennara Hvað heyrum við? Hvaðan kemur hljóðið? Hvað var það sem bjó hljóðið til? Hver bjó hljóðið til? Úr hvaða efniviði var hljóðið búið til? Þrautir af þessi tagi er tilvalið að vinna t.d. í hádegissamverustundum þegar ekki mikill erill er í leikskólanum. Ef

erfitt að fá svör við spurningunum er hægt að fara á stúfana og finna uppruna hljóðsins. Pennan leik er líka upplagt að gera úti í náttúrunni. (Hring eftir hring, 2009, bls. 124).

Markmið: Hlustun, einbeiting.

Látum hlutinn/steininn ganga- Börnin sitja í hring og kennari segir þeim að setja hendur fyrir aftan bak og búa til holu og kennari setur ólíka skrautsteina, einn í hvern lófa. Krakkarnir mega kíkja á sinn stein en ekki sýna og eiga að geyma hann í hægri lófa. Loka svo hnefanum og svo er raulað og bankað á lær, heija heija heija/ bankað 2x á lær heija heija bankað 2x í gólf heija heija heija þá krossar hendin með steininum yfir og skilur steinninn eftir við næsta barn og þegar við tókum nýja steinninn upp raulum við skoða steinninn þannig gengur þetta hringinn þangað til upphaflegur steinn er kominn aftur til „eigandans“ Það skiptir ekki máli hvernig raulið er, bara að það sé í takt við bankið. (Hring eftir hring, 2009, bls. 173).

Markmið: Samhæfing, samvinna, einbeiting.

Hafið er svo rólegt- Börnin sitja eða standa í hring og allir halda í stóran dúk sem getur verið úr hverju sem er. Kennari segir sögu t.d. um stelpu sem er að leika sér með boltann sinn en missir boltann úti sjó. Hafið og fiskarnir eru svo ánægðir með boltann að þeir vilja ekki skila honum og fiskarnir eru að leika sér með hann. Bolti eða blaðra eða annað er sett á dúkinn og börnin eiga að reyna að halda boltanum á dúknum á meðan er sungið er. Textinn segir til um hversu rólega eða mikið á að hreyfa dúkinn. Einnig er gaman í enda leiks að skipta hópnum í tvennt og annar hópurinn fer undir dúkinn og eru fiskar á meðan hinir sveifla og syngja og svo er skipt. Pennan leik er að finna á börn og tónlist og nauðsynlegt að hlusta á lagið og textinn er þar líka. https://www.bornogtonlist.net/Hafi%C3%B0_er_svo_r%C3%B3legt/

Markmið: Samhæfing hreyfingar og söngs, einbeiting.

5.3 Tónlistarstundir og sköpun

Sköpunarstund – Hvert barn fær blað og liti og eiga að teikna/lita mynd/listaverk. Tónlistin skiptist á milli ólíkra tegunda tónlistar, stuttan tíma hvert lag/verk, frá því að vera t.d. vorið í árstíðunum fjórum, Axel f- crazy frog, O fortuna eða Sigurrós. Börnin segja svo frá sinni upplifun.

Markmið: Upplifa ólíka tónlist og tilfinningar, tjáning, ímyndunaraflíð leikur lausum hala.

Spunadansstund – kennari sest með börnunum á gólfið í hring og segir þeim til dæmis frá árstíðinni sem er. Dæmi: Það er komið vor og allt er að lifna við. Hvað lifnar við á vorin? Kennari kastar þessu fram án þess að krefjast svara, leyfir börnunum að velta því fyrir sér.

Hann setur fram slæður, teppi, gúmmímottur (passar undir einn rass), veifur, hristur, pullur. Kveikir svo á tónlist sem passar við árstíðina, t.d. byrjar á rólegu fiðrilda og blómalagi (píanóspil) börnin mega ráða hvað þau gera á meðan tónlistin spilast. Síðan er spiluð margs konar vorlög/árstíðarlög úr ýmsum tónlistarstefnum. Þetta gegur í ca 10-15 mín. Síðan spjöllum við saman um hvað var verið að gera meðan tónlistin hljómaði.

Markmið: Spuni, leikur, gleði, tilfinning fyrir ákveðinni tónlist, árstíðarumræður.

Spuni og sköpun Leikir – Kennari setur fram efnivið sem hægt er að leika sér með á ýmsan hátt eins og slæður, teppi, gervigrasmottu, gerviblóm, bjöllumbönd, hristur og kastanettur. Róleg tónlist er lágt stillt, kennari sýnir börnunum hvernig hljóðfærin virka og þau mega leika með þessa hluti og búa til leik en passa þarf að vel sé farið með hljóðfærin.

Markmið: efla sköpunargáfunu, ímyndunaraflíð, hlutverkaleikinn fléttað saman við hljóðfæri.

Frjáls fuglaleikur - Það er til dæmis fugladiskur í sem spilar allskyns fuglahljóð með slökunartónlist undir. Byrjum á því að leggjast á bakið og loka augunum og hlusta, síðan er í boði blöð og litir, skröpur, cajon tromma, flauta til að draga út að neðan. Þetta mega börnin nota í leik. Það er hægt að velja hvaða dýrategund sem er og velja þá hljóðfæri sem gætu passað við þá dýrategund.

Markmið: Efla sköpunargáfu og ímyndunarafl.

Andstæðudans - Í boði er fallhlíf og blöðrur. Svo hljómar andstæðutónlist, skiptist á að vera hröð og kraftmikil og svo í hæg og rólega, fylgjast með muninum, og upptökuvélin til staðar.

Markmið: Efla tilfinningu fyrir taktbreytingu í tónlist, efla sköpunargáfu, samvinna.

Dansstund- Hægt er að hafa frjálsan tíma þar sem enginn efniviður er til staðar en kennari býinn að undirbúa eða hugsa hvaða tónlist hann ætlar að hafa. Tilvalið er að hafa fjölbreytta og framandi tónlist eins og tónlist frá Balkanskaga sem er mjög taktföst, tónlist frá Afríku eða hvers konar framandi tónlist. Einu fyrirmælin sem börnin fá er að dansa eða búa til dans. Kennari skiptir um tónlist eftir stemningu í hópnum. Hægt er að ræða um upplifun barnanna af tónlistinni, er hún skemmtileg, falleg, sorgleg, glaðleg o.s.frv.

Markmið: Efla hlustun, sköpunargáfu og tilfinningu.

5.4 Tónlistarstundir og hreyfing

Karnival dýranna – Í þessari tónlistarstund ætlum við að hlusta á Karnival dýranna og hlustum á tónsöguna, tókum fyrir sirka helminginn af bókinni, svo seinni helminginn í næsta

tíma. Við hlustum á hverja sögu/vísu/dýr fyrir sig og hlustum vel hvernig dýrin bera sig. Síðan kemur tónlist fyrir hvert dýr og þá leikum við dýrin með því að fara út á gólf og reynum að leika þau eins og dýrunum var lýst. Eftir hvert tóndæmi förum við aftur heim (á bekkinn/svæðið) og hlustum á næstu sögu og koll af kalli. Í þessum leik er gott (ekki nauðsyn) ef kennari fer með út á gólfið og breytist í viðkomandi dýr (Þórarinn Eldjárn, Kristín María Ingimarsdóttir, 2010).

Markmið: Efla hlustun, hrynur, laglína.

Hrynur og hreyfing

Simama-ka, símama-ka (hliðarspor á simama beygja hné á ka) *ruka ruka ruka* tí tí, tí tí, tí tí (ruka ruka ruka- hoppa hoppa-hoppa) *simama-ka* tí ta ta ta (hliðarspor og beygjahné) *tembeja tembeja* ta tí tí ta tí tí (ganga í sömu sporum á tembeja) *tembeja, tembeja* ta tí tí ta tí ta (ganga og ganga) *ruka ruka ruka* tí tí tí tí (hoppa, hoppa, hoppa) *simamaka-ka tata tata* (hliðarspor og beygja hné).

Byrjum á að læra lag og texta, síðan hreyfingar við. Allir leiðast í hring og gera hreyfingar eins og við á. Þegar börnin/eldri börn kunna lag texta og hreyfingar er hægt að bæta inn í leikinn/dansinn að einn í einu fái að vera inni í hringnum með hljóðfæri sem gott er að slá taktinn með, t.d. stafir eða tromma (Elfa Lilja Gísladóttir, 2009, bls. 73).

Markmið: Taktur, einbeiting, samhæfing.

Fugladansinn – Ef við erum búin að vera að læra textann af þessu lagi tilheyrir að læra og dansa dansinn við lagið. Flestir kunna hreyfingarnar og eru þær mjög einfaldar og skemmtilegar. Þegar við hlustum á lagið er textinn dálítið hraður svo það getur verið erfitt að syngja með en venjulega syngjum við hægar. Það sem líklegt er að börnin kunna ekki þegar við förum að dansa er þegar það kemur „dönsum fugladansinn“ þá krækjum við örmum á móti hvort öðru og dönsum í hring og snúum svo við í næstu línu og þetta vekur mikla lukku.

Markmið: Samhæfing, einbeiting, samvinna,

Texti: Bí bí bí og dirrindí. Fuglinn flýgur uppí ský. Fimur slær hann stélinu.(klappklappklappklapp). *Útí snjónum tístir hátt og hann flögrar hátt og lágt undan hríðarélinu.*(klappklappklappklapp). *Ekkert gogginn í hann fær. Ótt og tútt hann vængjum slær, og hann sperrir lítið stél.*(klappklappklappklapp). *Fá hann mola vill í nef. Flögrar svangur um með kvef. Flýr í krókaleiðum él.* (viðlagið) *Dönsum fugladansinn. Dýrum gefum brauð. Látum fuglafansinn á frera landsins ekki líða nauð.*

Afríkuleikurinn- Gott er að hafa myndir af dýrum í hverju horni á herberginu. Í þessum leik eru gíraffar, tígrisdýr, sebrahestar, skjaldbökur, og einn krókódíll. Hópnum er skipt í fjóra hópa, einn í hvert horn en einn er krókódíll og liggur í felum í „ánni“. Tóndæmi eru gefin fyrir hvert dýr og þau leika dýrin og ganga í takt við viðkomandi dýr þegar kemur að rétta tóndæminu. Saga er sögð og börnin þurfa að hlusta á söguna og fara eftir tóndæminu. Þetta er spennandi leikur því krókódíllinn kemur í vissu tóndæmi og reynir að ná einhverju dýri. Frekari leiðbeiningar eru í bókinni „Við spilum og leikum við litlu börnin“ (Sommerfeldt, 2010, bls. 15).

Markmið: Upplifa og þekkja mismunandi tóndæmi, samvinna, einbeiting.

Ásadans með tvisti – Ásadans er alltaf vinsæll og börnunum finnst sérstaklega skemmtilegt þegar ég bæti inn í leikinn einhverjum dansreglum. Ég byrja á að velja tónlist og hafa hana tilbúna, set ása í hornin og byrja svo. Yfirleitt spinni ég jafnóðum hvað á að gera í hverjum dansi en aðalreglan er að allir byrja að dansa úti á gólfi þegar tónlistin stoppar, fara allir í sitthvort horn, geta valið sér sort, hjarta, spaði, tígull, lauf. Síðan dreg ég spil og þeir sem eru í sortinni sem ég dreg eru úr og koma og setjast á bekkinn. Þegar börnin fara út á gólf að dansa set ég einhver fyrirmæli um hvernig á að dansa eins og dilla rassinum, tveir og tveir saman, allir leiðast, allir hoppa, upp með hendur, dansa á hælunum, klappa og fleiri útdúrur. Þeir sem verða úr fá svo að draga spil/sort þegar stoppið er.

Markmið: Fara eftir fyrirmælum, einbeiting, samvinna, hreyfing.

Stoppdans- Börnin eru úti á gólfi, kennari er tilbúinn með fjölbreytta tónlist og útskýrir fyrir börnunum hvað á að gera. Í byrjun á að dansa og frjósa þegar tónlistin hættir, síðan er hægt að útfæra leikinn og setjast þegar tónlistin stoppar, leggjast á bakið með hendur og fætur uppí loft þegar tónlistin stoppar, fara á fjóra fætur þegar tónlistin stoppar eða það sem okkur dettur í hug.

Markmið: Efla hlustun, einbeitingu, samvinnu og hreyfingu.

Ég á gamla frænku – Þetta er gamall og sígildur leikur sem er sérstaklega skemmtilegur ef hafðir eru leikmunir með eins og segir til í laginu. Textinn er svona, *Ég á gamla frænku sem heitir Ingeborg, við eftir henni hermum er við göngum niðrá torg, við erum í einfaldri halarófu og erum búin að klæða okkur eða setja á okkur muni sem koma fyrir í laginu og syngjum: og svo sveiflast t.d pilsíð, taskan, sjalið, hatturinn, það sem þátttakandinn ákveður og skiptumst svo að vera fyrst í röðinni, sá sem segir fer aftast í röðina þegar hann er*

búinn að segja, svo koll af kolli. (hægt er að finna tónðæmi hér

<https://hljodsafn.is/albumDisplay/3650>)

Markmið: Eftirherma, hlustun, samvinna.

Karl gekk út um morguntíma – Þetta er gamalt lag og hreyfingar við sem er gaman að gera.

Það er samhæfing að syngja og gera hreyfingar samtímis. Textinn og hreyfingar eru svona:

Karl gekk út um morguntíma, taldi alla sauði sína; (tveir og tveir standa á móti hvor öðrum og haldast í hendur og gera hliðar saman hliðar getur verið erfitt, þarf oft að hjálpa); *einn og tveir og þrír og fjórir, allir voru þeir* (telja á puttum uppí fjóra), *með höndunum gerum við klapp klapp klapp,* (þá er klappað eins og segir til), *með fótonum gerum við stapp stapp stapp* (stappað), (vísifingur hægri handar) *einn tveir þrír, ofurlítið spor einmitt á þennan hátt er leikur vor.*

Markmið: Samhæfing, einbeiting, samvinna, hlustun.

Eggin í körfunni - Þessi leikur er tilvalinn páska og vorleikur en hægt að nota hann allt árið.

Það er fullt af eggjum (plasteggjum) í fallettri tágakörfu og börn og kennari mynda hring, einn er í miðjunni og heldur á körfunni. Svo er sungið lag (með laginu hjólin á strætó) og körfunni, í körfunni, Anna (eða nafn á þeim sem heldur á körfunni) sveiflar núna körfunni og eggin dett á gólfid! Mikil gleði er þegar eggin fara út um allt og keppni að týna eggin upp og ná sem flestum eggjum, alltaf jafn gaman, aftur og aftur. Þarna er líka mikil hreyfing.

Markmið: Hreyfing, samvinna, minni. (Birte Harksen, e.d. b).

https://www.bornogtonlist.net/Egg_%C3%AD_k%C3%B6rfu/

5.5 Tónlistarstundir og útivera

Frú könguló- Þessi leikur er tilvalinn útileikur og það sem þarf í hann er bandhnykill og helst gervikönguló. Það er fínt að sitja í hring úti og mynda hring, kasta hnyklinum á milli og búa

til köngulóavef, henda köngulónni í vefinn og syngja viðkomandi lag: *um vef sinn labbar frú*

könguló 3X hún ætlar að ná sér í flugu, fyrst nær hún sér í eina og þá er klappað og snúið

höndunum eins og við séum að vefja einhverju inn og svo er talið eins og börnin eru mörg.

Hægt er að útfæra þennan leik á ýmsan hátt en frekari upplýsingar um leikinn og tónðæmi er á vefsíðunni börn og tónlist, undir heitinu á leiknum

https://www.bornogtonlist.net/Fr%C3%BA_K%C3%B6ngul%C3%B3/

Markmið: Hlustun, einbeiting, samvinna, söngur.

Tónlistargarður- Farið er út með hljóðfæri á góðviðrisdegi og hljóðfærin hengd upp í garðinum í það sem hægt er, girðingu eða tré eða annað sniðugt, Reyna að hafa margskonar hljóðfæri, svo er frjálst að prófa sig áfram og finna út hvaða hljóðfæri henta best til að hengja upp og hvað er vinsælt, búa til taktdæmi.

Markmið: Efla sköpun, heyrnaskyn, takt.

Sköpun- hljóðgjafar- Öll börn fá par af matarprjónum eða venjulegum prjónum eða efnivið sem er ekki hefðbundin hljóðfæri en gefa frá sér hljóð og við förum í göngutúr. Börnin mega finna náttúrulega hljóðgjafa. Það er tekinn góður hringur og mikið verið að slá í alla mögulega hluti og stundum verður samhljómur. Hvert barn má taka eina mynd af hlutnum með flottasta hljóðinu og kennari tekur það upp. Við syngjum lög með náttúrulegu undirspili. Þegar heim er komið ræðum við hljóðin hvaðan það hafi komið og hvort eitthvað hafi komið á óvart og fleira í þeim dúr.

Markmið: Efla sköpun og ímyndunarafli.

Hljóðfærafeluleikur úti- Börnin velja sér hljóðfæri af því sem er í boði hjá kennara (gott að hafa fáar tegundir), allir fara út nema sá sem á að leita, getur verið einn eða fleiri. Sá sem á að leita telur upp í ákveðna tölu og fer svo að leita og lætur vita af sér og þá gefa hinir frá sér hljóð með hljóðfærunum og leitarinn gengur á hljóðið, einnig er hægt að útfæra leikinn þannig að leitarinn vill heyra í ákveðnu hljóðfæri og hægt að hafa það líka þannig að felararnir spila og leitarinn finnur út í hvaða hljóðfæri heyrir.

Markmið: Hlustun, einbeiting, þekkja tóna hljóðfæris, sköpun, samvinna.

1-2-3 Maríuhænur – Þennan leik er að finna á Börn og tónlist eins og margt annað. Þetta er tengt laginu sem heitir sama nafni og á geisladisk sem heitir Maja maríuhæna. Áður en við völdum og förum í þennan leik, vorum við að ræða um vorið og hvaða pöddur og flugur kvikna. Það var samdóma álit barnanna að öllum fannst maríuhænur saklausar og fallegar og allir voru til í þennan leik, sem fer svona fram: Börnin eru dreifð um salinn, eða túnið ef við erum úti, þau eru heima hjá sér og þrjú börn eru maríuhænur og fljúga um salinn/grasið á meðan hinir syngja lagið. Í seinna erindinu fljúga maríuhæurnar heim og sofna hjá t.d. kennaranum. Síðan fá næstu þrjú að vera maríuhænur og leika aftur sama leik þar til allir hafa fengið að vera maríuhænur. Nafnið á laginu breytist eins og við á.

Texti: *Ein - tvær - þrjár maríuhænur flugu vítt og breitt um geim og um kvöldið komu allar til að sækja Birtu heim. Ein - tvær - þrjár maríuhænur fundu í garði næturskjól. Daginn eftir fékk hún Birta sumarblíðu, logn og sól.*

Markmið: Hlustun, hreyfing, einbeiting. https://www.bornogtonlist.net/1-2-3_mar%C3%ADuh%C3%A6nur/

Hlusta á hljóðin í umhverfinu – Hægt að skrá niður og gaman að gera það. Hægt að fara í gönguferð og skoða hvað er að gerast í náttúrunni. Það er vor og við skoðum hvað er að breytast, síðan leggjumst við í gras eða mosa og reynum að loka augunum og hlustum. Förum á nokkra ólíka staði t.d. mosi nálægt fjöru, kennari skráir niður hljóð sem börnin nefna. Förum næst t.d. inní skóg, leggjumst þar og hlustum, förum síðan og leggjumst nálægt götu þar sem umferð er. Þegar heim er komið rifjum við upp og kennari les punkta ef það gleymist að nefna eitthvað. Síðan tölum við um hljóðin og finnum út hvað hávæраста hljóðið var og hvað var notalegt hljóð, hvað var skrytið o.s.frv.

Markmið: Upplifa og túlka hljóð, hreyfing, tilfinning.

6. Umræður og lokaorð

Fræðimennirnir Howard Gardner, John Dewey, Jon Roar Björkvold og Shinichi Suzuki bera allir með sér ákveðinn samhljóm þegar kemur að námi og þroska barna. Þeir litu skólasamfélagið svipuðum augum þar sem þeim fannst skólakerfið of fast í sniðum og eitthvað vanta svo einstaklingnum myndi vegna betur. Mikill samhljómur er á milli Suzuki og Dewey með það hvernig þeir leggja áherslu á náms og þroskaferlið, að byggja á fyrri reynslu og læra einn hlut í einu. Það má líka segja að Gardner mátist vel við þá þar sem hann talar um að iðka eða þjálfra áhugasviðið og þá verði maður betri í því og öðlist meiri hæfni. Segja má að Suzuki og Gardner séu á sama máli að mörgu leyti um getu barna og það að ef þú sekkur þér í „einhverja greind“ þá aukast hæfileikar þínir á að læra efnið og þroskast. Út frá kenningum Dewey og hans sýn á reynslu og menntun er óhætt að segja að gott sé fyrir börn að kynnast til dæmis tónlistarnámi og hljóðfærum í leikskóla til að byggja ofan á frekara tónlistarnám þegar þau eldast. Björkvold virðist ekki vera mjög akademískur en hann mátast við hina fræðimennina útfrá sýn þeirra á námsaðferðum þar sem hann vill að allt sé í jafnvægi og að einstaklingurinn njóti sín í þroska og námi.

Í bókinni „From STEM to STEAM“ sem fjallar um að innleiða listgreinar í allt nám og hvað list og sköpun er mikilvæg fyrir manninn er spurt af hverju ætti að kenna listgreinar og svarið er að listir þróa sköpunarhæfni, lausnamiðaða gagnrýna hugsun, samskiptahæfni, sjálfsaga, frumkvæði og samvinnuhæfni. Þessir eiginleikar eru einstaklega mikilvægir nú til dags þar sem flókin veruleiki samskipta og tölvumiðla stýrir okkur meir og meir (Sousa og Pilecki, 2013, bls. 15).

Miðað við það efni sem ég hef verið að skoða og sett hér inn þá túlka ég það þannig og myndi segja að það sé mikilvægt að hafa virkt tónlistarstarf í leikskólum þar sem tónlist virðist hafa mjög örvandi áhrif á börn og þá sér í lagi ungbörn. Tónlistin örvar flesta þroskaþætti á jákvæðan hátt og virkjar staði í heilanum sem aðrir þættir gera ekki. Það er sagt að allir búi yfir sköpunargáfu og mér sýnist það eiga líka við um tónlistargáfu þar sem við fæðumst í þennan heim með virkt og þróað heyrnarskyn. Það þarf bara að rækta gáfurnar sínar svo þær fái að njóta sín.

Allar greinar og bækur sem ég hef notað og vitnað í um áhrif tónlistar á þroskaþættina eru byggðar á mjög mörgum rannsóknum sem flestar ef ekki allar eiga það sameiginlegt að

rannsóknarniðurstöður sýna marktækan jákvæðan mun á þroska barna sem fengu tónlistarþjálfun.

Það sem mér fannst miður í efnisleit minni í aðalnámskrá leikskóla var hversu lítið ég fann um tónlist þar sem orðið kom fjórum sinnum fyrir í tengslum við sköpun en aldrei fjallað um eða lögð áhersla á tónlistina sjálfa. Eftirtektarvert fannst mér þegar ég skoðaði aðalnámskrá leikskóla 1999 að orðið tónlist kemur tuttugu sinnum fyrir þar sem segir töluvert um áherslumun á tónlistarnámi. Tónlistin var eitt af námssviðum aðalnámskrár 1999 og finnst mér afturför með þátt í námi barna þar sem hann er eins áhrifaríkur eins og fram hefur komið. Grunnþáttur sköpunar hýsir tónlistargreinina en það er ekkert í honum sem segir að tónlist eigi að vera að lágmarki eitthvað í leikskólastarfi. Miðað við kosti tónlistar þyrfti að vera meiri áhersla á hana í aðalnámskrá að mínu mati. Þar get ég verið sammála Björkvold um að innleiða þarf tónlist betur inn í skólastarf.

Í þessari ritgerðarvinnu minni hef ég orðið mun fróðari um tónlistarnám og áhrif þess á börn. Leit mín sýndi mér að mun meiri áhrifa er að gæta af tónlistarkennslu og starfi en ég átti von á þó ég hafi alltaf haft trú á að tónlistin væri góð fyrir börn jafnt sem fullorðna þá virðist hún vera mjög mikilvæg fyrir börnin. Þessi vitneskja styrkir mig ennþá meira í mínu starfi og áhugamáli og mun hvetja fleiri til að taka þátt í tónlist með börnum og að kíkja á efniviðinn sem til er. Ég er svo heppin með minn vinnustað að þar er til töluvert af hljóðfærum og tónlistartengdu efni til að vinna með og ég mæti bara áhuga og skilningi ef að ég kem með tillögu að einhverju tónlistartengdu efni.

Að mínu mati er eitt það skemmtilegasta við leikskólastarfið eins og undirheiti ritgerðar gefur til kynna (í leikskóla er gaman) að vera með börnum í tónlistarstundum því einlægni, áhugasemi og eftirvænting skín af þeim í þessum stundum ásamt gleði sem er ríkjandi í söng og tónlist. Það er von mín að sem flestir geti nýtt sér þennan hugmyndabanka og að hann sé fjölbreyttur og aðgengilegur þannig að starfsfólk þori og vilji prófa. Ég set markmið við hvern leik þar sem sýnt er fram á hvaða þroskaþátt og/eða námsþátt tiltekinn leikur eflir.

Tónlistarstundir snúast ekki endilega um að læra á hljóðfæri eða nótur eða um formlegt tónlistarnám. Það er meira verið að kynna fjölbreytta tónlist fyrir börnunum, leyfa börnunum að kynnast hljóðfærunum og umgengni við þau, upplifa hljóð, tóna og takt og koma fram, þannig undirbúum við þau undir frekara tónlistarnám. Eins og Dewey talaði um, að byggja ofan á fyrri reynslu. Tilvitnunin fyrir neðan á vel við allt nám og þroska barna, við getum örvað en ekki stýrt.

Það þýðir ekki að flýta vexti jurtar með því að toga í blöðin á henni. Á sama hátt er tilgangslaust að flýta því að barn læri móðurmálið, það lærir á sínum eðlilega hraða. Við verðum að bíða þolinmóð meðan umhverfið vinnur með okkur að mennta barnið og koma því til þroska. Það er hinsvegar okkar hlutverk að gera umhverfið eins örvandí til náms og mögulegt er (Kristinn Örn Kristinsson, 1998, bls. 56).

7. Heimildaskrá

- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. (2. útgáfa) (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV útgáfan.
- Birte Harksen. (e.d.). *Börn og tónlist*. Sótt af <https://www.bornogtonlist.net/>
- Bryndís Bragadóttir. (2008). *Töfrakassinn tónlistarleikir*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Elfa Lilja Gísladóttir. (2009). *Hring eftir Hring*. Reykjavík: Höfundur.
- Hallman, S. (2016). The power of music: Its impact on the intellectual, social and personal development of children and young people. *International journal of music education* 28(3), 269-289. Sótt af <https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/0255761410370658>
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2010). Hugmyndir um uppruna tónlistar í ljósi þekkingar af vettvangi heilarannsóknar og tónlistarrannsókna. *Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. Sótt 20. júlí 2019 af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/014.pdf>
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2013). Tónlistarþroski ungbarna og tónlistaruppeldi. Yfirlitsgrein. *Netla- Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 21. júlí 2019 af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/004.pdf>
- Kristinn Örn Kristinsson. (1998). *Suzuki Tónlistaruppeldi*. Reykjavík: Höfundur.
- Leikskólinn Ugluklettur. (2014). Skólanámskrá Leikskólans Uglukletts. Sótt af http://www.ugluklettur.leikskolinn.is/ugluklettur/sk%C3%B3lastarf/ugluklettur%20n%C3%A1msskr%C3%A1%202014_net.pdf
- Lög um leikskóla nr. 90/2008 sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf
- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hugsun, reynsla og lýðræði. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki- Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 14-16). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólöf María Ingólfssdóttir. (2017). *Tónlistarstarf í leikskólum* (óútgefin MA ritgerð í Menningarstjórnun). Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/28354/3/OlofMariaIngolfsdottir_MA_Lokaverkefni1.pdf
- Ragnheiður Gestsdóttir. (2003). *Í grænni lautu*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigríður Pálmadóttir. (2010). *Tónlist í leikskóla: Það verður hverjum list sem hann leikur*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sousa, D.A. Pilecki, T. (2013). *From STEM to STEAM: using brain-compatible strategies to integrate the arts*. Kalifornia: Corwin.

Þórarinn Eldjárn og Kristín María Ingimarsdóttir. (2010). *Karnival dýranna*. Reykjavík: Mál og menning.

